

Niðurstöður foreldrafundar í Húnaskóla 9. apríl 2025

Samantekt á helstu umræðuefnum og tillögum frá fundinum út frá kynningu á niðurstöðum Íslensku Æskulýðsrannsóknarinnar 2024.





Hvað gerum við gott sem foreldrar?



Samskipti heimilis og skóla

- Mætum á foreldrafundi og viðburði sem skólinn er með
- Höfum heimilið opið fyrir vini barna /öryggisstað
- Fylgjumst með hvað er að gerast í skólanum/bekknum



Líðan í skóla og heima

- Erum góðar fyrirmyndir
- Erum til staðar og veitum samveru
- Hrósum
- Veitum virka hlustun



Viðhorf til náms, heimanám og lestur

- Sinnum heimalestri
- Gefum börnunum tíma til að læra
- Reynum að virkja aðra foreldra til samvinnu
- Erum til staðar fyrir börnin



Athafnir utan skóla

- Fylgjumst með krökkunum okkar
- Vitum hvað börnin eru að gera og með hverjum
- Tökum þátt með þeim



Hvað getum við foreldrar gert betur og hvernig?



Samskipti heimilis og skóla

- Höfum skyldumætingu á fræðslufundi og viðburði á vegum skólans
- Fáum fleiri foreldra til að mæta á fundi og átta sig á mikilvægi þess



Líðan í skóla og heima

- Ræðum við börnin um líðan og eðli tilfinninga
- Spyrjum og hlustum betur á börnin okkar
- Hjálpum þeim að móta seiglu
- Minnkum skjánotkun



Viðhorf til náms, heimanám og lestur

- Gefum þeim tíma og næði með foreldri/foreldrum
- Tökum betur á hegðun og framkomu barna
- Notum virka hlustun þó það sé mikið að gera



Athafnir utan skóla

- Stöndum saman um viðmið og reglur
- Aukum samtal við börnin um hvað þau eru að gera/mega gera



Hvar eru tækifærin okkar sem foreldrar?



Samskipti heimilis og skóla

- Sýnum gagnkvæma virðingu og höfum opin samskipti
- Við höfum tvo góða skóla í sveitarfélaginu sem byggja á góðum grunni



Líðan í skóla og heima

- Eflum börnin
- Hvetjum börnin til að ræða tilfinningar og það sé eðlilegt að finna allskonar
- Kynnumst börnunum okkar og vinum þeirra



Viðhorf til náms, heimanám og lestur

- Höfum fleiri gæðastundir
- Gefum þeim meiri tíma
- Þurfum barnvænna samfélag, tækifærin felast í litlu samfélagi
- Höfum meira samstarf milli heimilis og skóla



Athafnir utan skóla

- Eigum flotta krakka sem við þurfum að virkja meira
- Fylgjum sjálf reglum og látum börnin fylgja reglum



Hvað getur skólinn gert betur?



Samskipti heimilis og skóla

- Haft meiri samvinnu við íþróttafélög m.t.t. eineltismála og foreldrasamstarfs
- Krafist aukinnar samvinnu frá foreldrum
- Haft fræðslu/kynningarfundir á haustin með skyldumætingu



Líðan í skóla og heima

- Haft jafnræði fyrir öll varðandi tækjanotkun í skóla og sætisval
- Bætt agann í skólanum til að stuðla að betri líðan
- Haft skólahjúkrun sýnilegri og bjóða uppá félagsráðgjöf
- Haft fræðslu um líðan og tilfinningar



Viðhorf til náms, heimanám og lestur

- Haft samband fyrr heim þegar áhyggjur vakna



Athafnir utan skóla

- Kennt leiki
- Hvatt til heilbrigðrar útiveru



Hvað getur samfélagið gert betur?



Samskipti heimilis og skóla

- Sett skólastarf ofar í forgangs röðinni og aukið virðingu gagnvart skólanum



Líðan í skóla og heima

- Tekið þátt í starfi skólans og sýna áhuga
- Sett meira fjármagn í stuðnings- og stoðþjónustu
- Talað um að virða náungann og koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig



Viðhorf til náms, heimanám og lestur

- Gert foreldrasáttmála og standa öll saman á bakvið hann
- Talað betur um skólann og starfsfólk og sýna meiri áhuga á skólanum



Athafnir utan skóla

- Komið upp samfélagshúsi líkt og í Húnaþingi vestra
- Sveitarstjórn þarf að sýna skólanum meiri áhuga og skilning